



Kjarval í hugsun og verki

Greinargerð um verkefnahefti fyrir myndlistarkennara

Elísa Einarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Kjarval í hugsun og verki

Greinargerð um verkefnahefti fyrir myndlistarkennara

Elísa Einarisdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á list- og verkgreinar
Leiðbeinendur: Hanna Ólafsdóttir og Kristín Ísleifsdóttir

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2020

Kjarval í hugsun og verki

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennslu með áherslu á list- og verkgreinar við deild
faggreinakennslu,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Elísa Einarsdóttir 2020

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þetta verkefni, sem samanstendur af greinargerð og verkefnahefti, mun vonandi verða til að endurvekja áhuga á list Kjarvals hjá nýrri kynslóð grunnskólanemenda. Kjarval er einn af ástsælustu listamönnum okkar og verða nokkur verk hans nýtt sem kveikjur að listkennslu nemenda.

Í greinargerðinni er gerð grein fyrir fræðilegum þætti verkefnisins og fjallað um kenningar nokkurra kennslufræðinga. Reifaðar eru tengingar Aðalnámskrár grunnskóla (2013) við verkefnið, það eru sjónlistir, hæfniviðmið og samþætting. Síðan er í sérstökum kafla fjallað um Kjarval. Að lokum er gerð grein fyrir námsefninu. Verkefnaheftið samanstendur af nokkrum vel völdum verkum Kjarvals og sýnt er hvernig nýta má þau sem kveikjur í kennslu myndlistar. Vonast höfundur þessa verkefnis til að myndlistarkennarar sem og aðrir kennarar geti gripið í verkefnaheftið og nýtt sér það í kennslu. Einnig væri ánægjulegt ef verkefnið yndi upp á sig og fleiri listamenn yrðu teknir markvisst fyrir í framtíðinni.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Tilurð námsefnis	8
3 Myndlist í fræðilegum skilningi	9
3.1 DBAE – Fagmiðuð myndlistarkennsla.....	9
3.2 List- og menningarfræðsla á Íslandi	10
3.3 Sköpun í skólastarfi.....	10
3.4 Kveikja.....	11
4 Aðalnámskrá	13
4.1 Sjónlistir	13
4.2 Hæfniviðmið sjónlista	13
4.3 Samþætting	15
4.3.1 Samþætting myndmenntar við önnur fög.....	15
5 Listamaðurinn	16
5.1 Kjarval	16
5.2 Kjarvalsstaðir	17
5.2.1 Tengsl verkefnaheftis við Kjarvalsstaði	17
5.3 Kjarval – Málarinn sem fór sínar eigin leiðir.....	18
6 Námsefnið	19
6.1 Markmið	19
6.2 Viðfangsefnin.....	19
6.3 Kennslan	20
6.4 Samþætting	20
6.5 Framhaldið.....	21
7 Lokaorð	22
Heimildaskrá	23

Formáli

Greinargerð þessi fjallar um Jóhannes S. Kjarval og fylgir henni námsefni þar sem nokkur vel valin verk hans eru notuð sem kveikjur í myndmennt. Áhugi höfundar á íslenskri myndlist og vilji og löngun til þess að útbúa kennsluefni er kveikjan að þessu verkefni. Það er höfundi hjartans mál að nemendur fái að kynnast þeim einstaka listamanni sem Kjarval var.

Þakkir vil ég koma á framfæri til leiðbeinanda minna þeirra Hönnu Ólafsdóttur og Kristínu Ísleifsdóttur fyrir góðar ráðleggingar og aðstoð á meðan verkefnavinnu stóð. Móður minni Sigurbjörgu Tracey fyrir stuðning og sýna mér Kjarval bókina sem varð kveikjan að verkefninu og að lokum fjölskyldu minni, manningum mínum Sigurði Einari Einarssyni og börnum mínum þeim Söru Mist og Einar Tristan fyrir þolinmæði, stuðning og hlýju.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér Siðareglur Háskóla Íslands (<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=41969>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Selfoss, 18. maí 2020

Elisa Einarisdóttir

1 Inngangur

Í myndsköpun nemenda skiptir máli að þeim líði vel, þeir fái fjölbreytt verkefni í hendur og kennslu við hæfi. Listasaga og fræðsla er einnig mikilvægur hluti af myndlistarkennslu grunnskólanemenda.

Þar sem ekki er mikið til af íslensku kennsluefni fyrir myndlistarkennslu í grunnskólum, ákvað höfundur þessarar greinargerðar að leggja sitt af mörkum og setja saman verkefnahefti sem nýtast myndi kennurum í myndlist. Við gerð verkefnaheftisins var áhersla lögð á að verkefnin væru unnin út frá hugmyndafræði DBAE (e. discipline-based-art-education) sem útfærast á íslensku sem fagmiðuð myndlistarkennsla, það er listsköpun, listrýni, fagurfræði og listasaga.

Verkefnaheftið er helgað einum af ástsælustu listamönnum þjóðarinnar, Jóhannesi S. Kjarval, og skoðað hvernig hægt sé að nýta verk hans í myndlistarkennslu. Greinargerðinni er ætlað að sýna fram á fræðilega tengingu verkefnaheftisins við kenningar kennslufræðinga og núgildandi Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Einnig er fjallað sérstaklega um Kjarval og Kjarvalsstaði, og að lokum er gerð ítarleg grein fyrir viðfangsefnunum.

2 Tilurð námsefnis

Þegar höfundur þessarar greinargerðar byrjaði í kennaranámi og fór fyrst á vettvang í myndlistarkennslu, varð höfundur ekki var við mikið íslenskt námsefni tengt myndlist. Þegar kom að því að klára B.Ed.-námið og vinna lokaverkefni fékkst kærkomið tækifæri til þess að útbúa námsefni fyrir grunnskólanemendur á sviði myndlistar.

Þegar kom að því velja hvernig verkefni ætti að útbúa var það vandasamt verk og tók höfundur sér góðan tíma í að vega og meta möguleikana og viðfangsefnin. Þegar móðir höfundar sýndi honum bók með yfir hundrað verkum Kjarvals, sá höfundur hvert verkið á fætur öðru sem nýta mætti í kennslu með nemendum. Kjarval var ekki einungis þjóðargræsi sem virtur myndlistarmaður og frumkvöðull á sínu sviði heldur var hann líka einstaklega gjafmildur og stórbrotinn persónuleiki. Gaman er að segja frá því að höfundur hefur einnig „skátengingu“ við Kjarval í gegnum langafa sinn heitinn, en hann og Kjarval þekktust vel og stórt verk eftir hann hékk í stofunni hjá þeim mætu hjónum, langafa og langömmu. Þetta verk þótti höfundi mjög sérkennilegt á barnsaldri, en eftir að tíminn hefur gefið vit og þroska er það ekki lengur sérkennilegt heldur einstakt.

Verkefnaheftið er unnið út frá fagmiðaðri myndlistarkennslu og áherslum í nágildandi Aðalnámskrá grunnskóla (2013) ásamt einu af markmiðum Kjarvalsstaða sem er að vekja áhuga á listamanninum Kjarval.

3 Myndlist í fræðilegum skilningi

Á Íslandi er skólaskylda fyrir nemendur frá 6 ára aldri til 15 ára. Í allri kennslu er mikilvægt að fagmennska sé höfð í fyrirrúmi og nemendur fái tækifæri til þess að dýpka þekkingu sína, víkka sjóndeildarhringinn og að kennslan sé fagmiðuð með áherslu á sköpun. Hér verður fjallað um myndlist í fræðilegum skilningi.

3.1 DBAE – Fagmiðuð myndlistarkennsla

Fræðimaðurinn Ronald H. Silverman setti saman áhugaverða umfjöllun í grein sem birt var í *The Education Digest* árið 1989, þar sem hann fjallar um DBAE (e. Discipline based art education) sem útfærist á íslensku sem fagmiðuð myndlistarkennsla. Fagmiðuð myndlistarkennsla snýst um að miðla til nemenda dýpri þekkingu á list með því að skipta listkennslu í fjóra þætti; listsköpun, fagurfræði, listasögu og listrýni. Einnig miðar hugmyndafræðin að því að litið sé á myndlistarkennslu eins og önnur fög í skólanum hvað varðar skipulag og fagmennsku. Þegar fræðimenn, nemendur og almenningur skilur að listkennsla er mikilvæg og miklu meira en að mála fallegar myndir þá mun stuðningur við listkennslu í skólum aukast (Silverman, 1989, bls. 55). Eins og fram hefur komið er fagmiðuð myndlistarkennsla mikilvægur liður í að efla kennslu myndlistar í grunnskólum. Mikilvægt er að myndlistin fái jafn mikinn meðbyr og aðrar námsgreinar í skólanum og er fagmiðuð myndlistarkennsla einn liðurinn í því. Hér verður fjallað nánar um hana.

Talsmenn fagmiðaðrar myndlistarkennslu telja að hún bjóði upp á heildstæðari nálgun listar heldur en aðrar aðferðir. Einn af talsmönnum þessarar kennsluaðferðar var Elliot W. Eisner en hann var áhrifamikill fræðimaður á sviði listgreinakennslu. Í bók sinni *The Arts and the Creation of Mind* (2002) fjallar hann m.a. um fagmiðaða myndlistarkennslu og hvernig hún er mikilvægur hluti af skólastarfinu. Eins og nefnt var hér áður skiptist fagmiðuð myndlistarkennsla í fjóra þætti. Fyrst má nefna að hún hjálpi nemendum að öðlast hæfnina til þess að hugsa eins og listamenn, með því er átt við nemendur þrói með sér aukið ímyndunarafli, vinni með efnivið og öðlist næmni og orðaforða listamanna. Í öðru lagi er að nemendur öðlist hæfileikann til þess að sjá og tala um listaverk, með því m.a. að fá aukinn orðaforða. Í þriðja lagi er að nemendur læri listasögu og skilji menningarlegan bakgrunn á bak við listina. Í fjórða lagi er að nemendur læri gagnrýna hugsun og spyrji sig spurninga eins og hver sé tilgangurinn með listinni (Eisner, 2002, bls. 26–27). Hvernig tengist verkefnaheftið fagmiðaðri myndlistarkennslu?

Með verkefnaheftinu *Kjarval í hugsun og verki* gefast fjölmörg tækifæri til þess að koma inn á alla fjóra þættina. Nemendur fá tækifæri til þess að skapa eigin verk, samhliða því að sjá listaverk eftir þekktan listamann, og tilefni til þess að ræða listaverkin og verk nemenda skapast í lokin. Höfundur telur mjög mikilvægt að myndlistarkennarar kynni sér fagmiðaða

myndlistarkennslu og vinnu út frá henni. Spyrja má hvernig þessu sé háttað hér á landi, en umfangsmikil úttekt var gerð á list- og menningarfræðslu á Íslandi og vert er að skoða hana nánar.

3.2 List- og menningarfræðsla á Íslandi

Árin 2008–2009 var gerð umfangsmikil úttekt á gæðum og umfangi list- og menningarfræðslu á Íslandi, að frumkvæði Anne Bamford sem er prófessor og yfirmaður Engine Room við University of the Arts í London. Þó skýrslan sé komin til ára sinna, þá er margt mjög áhugavert að finna í henni sem fjallað verður nánar um hér.

Meginmarkmið listfræðslu er miðlun menningarskilnings og menningar, að miðla listrænu ferli og sköpun félagslegra, einstaklingsbundinna og menningarlegra verðmæta. Hér á Íslandi er viðhorfið almennt þannig að litið er á að ferlið sé jafn mikilvægt og útkoman. Börn þurfi að fá að njóta þess að skapa. Einnig ríkir sú trú að listfræðsla gefi meira af sér en færni og þekking í listum. Þess vegna er mikið lagt upp úr því að allir nemendur fái tækifæri til listiðkunar, þó ekki nema einungis til þess að þeir fari ekki á mis við það sem listir veita, en ekki er ætlast til þess að nemendur verði atvinnulistamenn (Bamford, 2011, bls. 63). Í verkefnunum í verkefnaheftinu prófa nemendur sig áfram, gera tilraunir og vinna með nýjan efnivið. Allt eru þetta mikilvægir þættir í ferli þar sem aðaláherslan er ekki á útkomuna heldur að nemendur noti ímyndunaraflið, bæti færni sína og njóti sín í sköpun sinni.

Menningararfur samfélagsins flæðir til ungs fólks í gegnum list, með því fá nemendur tækifæri til þess að skapa sitt eigið listræna tungumál. Þannig auka þeir eigin þroska, jafnt vitrænan og tilfinningalegan. Listir eru drifkraftur og táknræn tjáning lista og menningar, sem og félagslegt afl til endursköpunar og breytinga samkvæmt Bamford, en vel heppnuð listfræðsla getur sameinað skapandi námsleiðir (Bamford, 2011, bls. 93).

Eins og kom fram hér áður er ferlið ekki síður mikilvægt en útkoman. Það er vegna þess að nemendur þurfa svigrúm til þess skapa, og veita sköpun sinni rými til þess að dafna. Kennsla myndlistar þarf að veita nemendum tækifæri og svigrúm til þess að virkja sköpunarkraft sinn.

3.3 Sköpun í skólastarfi

Í *Ritröð um grunnþætti menntunar* kemur fram að allir þurfi á skapandi hugsun að halda til þess að geta tekist á við ýmiss konar vanda á tímum umbreytinga. Listir og menning eru mikilvægur hluti af því að fólk geti áttað sig á sér sjálfum og skilið aðra betur. Með skapandi huga að leiðarljósi er möguleiki á að gera samfélagið kraftmikið og fjölbreytt, þar sem þungamiðjan í atvinnusköpun liggur í framsæknum lausnum og hugverkum. Sköpun er ekki einungis þýðingarmikil fyrir einstaklinginn heldur einnig samfélagið allt og þátttaka í

menningarstarfi og sköpun er til þess fallin að félagslegir innviðir í hverju samfélagi styrkist (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 11). Spyrja má í kjölfarið hvort sköpun sé einungis mikilvæg í völdum greinum.

Sköpun er mikilvægur hluti af skólasterfi sem nær til allra námsgreina. Samkvæmt Aðalnámskrá snýst sköpun um að virkja ímyndunaraflíð, njóta og uppgötva (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 24).

Skapandi nám felur ekki í sér þörf fyrir endalause leit að hugmyndum sem eru frumlegar og spretta úr engu. Það felur í sér þjálfun í að skoða, muna, skilja og hlusta á umhverfið og leyfa innbyrðis gerjun að eiga sér stað. Skapandi nám er til þess fallið að styrkja skilning nemenda á heimi sínum með því að þeir þjálfist í nákvæmri athygli og æfist í að greipa samfélagið og umhverfið í minni sitt. Sköpun felur í sér m.a. samtal við umhverfið (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 26).

Elín G. Ólafsdóttir, grunnskólakennari til margra ára, gaf út bókina *Nemandinn í nærmynd: Skapandi starf í fjölbreyttu umhverfi* (2004). Þar kemur fram hversu mikilvæg skapandi og fjölbreytt verkefni eru svo nemendur upplifi vellíðan í skólasterfi, og þar af leiðandi fjölgi innihaldsríkum og skemmtilegum stundum í skólanum. Skóli sem hefur þetta að leiðarljósi er menntandi og skólanám sem er menntandi verður til þess að nemendur fyllast fróðleiksfýsni og hæfileikum til þess að skapa og njóta (Elín G. Ólafsdóttir, 2004, bls. 138). Við gerð verkefnaheftisins var leitast við að bjóða upp á fjölbreytt verkefni til þess að örva sköpunargáfu nemenda og auka vellíðan þeirra.

Samhliða því að sinna skapandi listnámi af alúð og auka skilning og þekkingu nemenda á menningarsögu, getur listnám gefið nemendum þann skilning sem þeir þurfa á samtíma sínum um leið og sjálfum sér. Með því átta þeir sig betur á sérstöðu sinni og finna þá á sama tíma til samkenndar með öðrum (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 49). Verkefnaheftið inniheldur ýmsa fróðleiksmola um Kjarval og hversu einstakt jafnaðargeð hann hafði. Þegar myndverkin hans skemmdust einhverra hluta vegna vann hann úr því og nýtti það í myndsköpun sinni, einnig gafst hann ekki upp þó á móti blési. Nemendur sjá hugsanlega einhverja samleið með Kjarval og taka jafnvel upp einhverja af eiginleikum hans, eins og að sníða sér stakk eftir vexti og halda ótrauðir áfram.

3.4 Kveikja

Kveikja er kennslufræðilegt hugtak og er notað yfir þær aðferðir sem kennari beitir til þess að fanga athygli nemendanna gagnvart efninu (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 19). Í

verkefnaheftinu eru 9 myndir eftir Kjarval sem notaðar verða sem kveikjur að verkefnum. Nemendur eiga ekki að endurgera myndirnar heldur er áhersla lögð á þau áhrif sem þeir verða fyrir í tækni og hugmyndum.

Upphaf tímans er mikilvægt eins og Ingvar Sigurgeirsson (2002) nefnir í handbókinni *Að mörgu er að hyggja*: „Upphafið er þýðingarmikið í allri kennslu. Sérstaklega eru fyrstu mínúturnar mikilvægar“ (bls. 59). Listaverk Kjarvals í verkefnaheftinu eru grípandi og áhugaverð og vel til þess fallin að fanga athygli nemenda.

4 Aðalnámskrá

Hér verður fjallað um Aðalnámskrá og rætt um sjónlistir, hæfniviðmið sjónlista og samþættingu. Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu á grundvelli laga fyrir viðkomandi skólástig. Aðalnámskráin hefur ígildi reglugerðar og er þar kveðið á um útfærslu reglugerða og laga, t.d. fyrirkomulag og markmið skólustarfsins, kennsluskipan og viðmið um námsframvindu og námskröfur. Aðalnámskráin er rammi utan um skólstarfið og er leiðsögn um markmið og tilgang þess. Hún er ætluð kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki í skólasamfélaginu, en einnig veitir hún foreldrum og nemendum upplýsingar um starfsemi og tilgang skólans (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.).

4.1 Sjónlistir

Sjónrænt áreiti er alls staðar í umhverfi nemenda og því mikilvægt að þeir læri að greina og lesa það. Eitt af lykilhlutverkum menntunar er að nemendur læri að skilja heim sinn svo þeir verði virkir þjóðfélagsþegnar sem láta gott af sér leiða. Til þess að sá árangur náist henta sjónlistir vel, þar sem áhersla er lögð á að unnið sé markvisst með greiningu, túlkun og skynjun en með því fá nemendur forsendur til þess að geta séð það sem þeir sjá, heyrt það sem hlustað er á og fundið fyrir því sem þeir snerta. Þannig geta þeir skapað út frá eigin reynslu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 147). Mikið sjónrænt áreiti er í listaverkum, eins og verkum Kjarvals sem sjá má í verkefnaheftinu.

Það að taka fyrir ákveðin listaverk í kennslu með nemendum og opna umræður um þau, læra þeir gagnrýna hugsun eins og fjallað er um í fagmiðaðri myndlistarkennslu (Eisner, 2002, bls. 26–27). Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram að með því að skapa umræður um myndlist fái nemendur tækifæri til þess að þjálfast í orðaforða myndlistar ásamt að upplifa umburðarlyndi og samkennd í tengslum við gagnrýna umræðu um hvernig nemendur upplifa listaverk og eigin verk (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 148). Í verkefnaheftinu eru nokkur verk eftir Kjarval sem nemendur nýta sem kveikjur í myndsköpun sinni. Það gefur kennaranum leið til þess að opna umræðu um listaverkin, bæði áður en nemendur vinna sín verk og meðan þeir gera það.

4.2 Hæfniviðmið sjónlista

Í Aðalnámskrá er tekið fram að í skipulagi skólustarfs þurfi að vera lögð áhersla á menntun og nám barna og ungmenna og hæfni þeirra þegar námi lýkur. Námsmarkmiðin beinast að þeirri hæfni sem nemendur öðlast í sjálfu námsferlinu og eiga að búa yfir að námi loknu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 25). Mikilvægt er að nemendur þjálfist í hæfniviðmiðum

Aðalnámskrár og í sjónlist er unnið með alla miðla. Hugmyndum nemenda er fundinn farvegur og þegar nemendur rýna í listaverk hjálpar það þeim að skilja menningu, sögu og samfélagið sem heild. Á sama tíma hjálpar það þeim að eflast sem persónur (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 147). Eins og áður var nefnt er mikilvægt að nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Við hvert verkefni í heftinu eru talin upp þau hæfniviðmið sem eiga við hverju sinni. Hér verður gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem unnið er með í verkefnaheftinu og nemendur geta stuðst við:

Hæfniviðmið fyrir sjónlistir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi

- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar
- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki
- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 148–149)

Við lok 7. bekkjar getur nemandi

- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki, bæði fyrir tví- og þrívíð verk
- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun
- byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu
- greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 148–149)

Við lok 10. bekkjar getur nemandi

- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 149)

4.3 Samþætting

Samþætting námsgreina innan skóla getur verið gagnleg fyrir nemendur. Eins og kemur fram í Aðalnámskrá þá eru verkefni í samfélaginu oft ekki einangruð og sundurgreind heldur samofin úr mörgum þáttum. Mikilvægt er að hafa það í huga við skipulag skólstarfsins. Þess vegna er mikilvægt að leggja áherslu á samþættingu námsgreina þegar verkefnin eru þess eðlis að þau hafa snertifleti við aðrar námsgreinar. Þannig getur markmiðinu að gera námið merkingarbærara fyrir nemendum verið náð, einnig að skýra fyrir þeim samhengi fræðigreinanna (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 58).

4.3.1 Samþætting myndmenntar við önnur fög

Margir kostir eru við að kennarar geti samþætt verkefni við aðrar námsgreinar, og eru tækifærin til þess mörg í myndmennt. Eins og kemur fram í Aðalnámskrá getur samþætting list- og verkgreina við önnur fög dýpkað þekkingu og skilning nemenda í mörgum greinum. Þessi nálgun gefur nemendum tækifæri til þess að kynnast námsgreinum á hlutbundinn hátt, með því eykst merking námsins og innihald þess dýpkar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 162). Þrjú verkefni í verkefnaheftinu bjóða upp á samþættingu við aðrar námsgreinar; við íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Með samþættingu námsgreinanna geta nemendur dýpkað þekkingu sína.

5 Listamaðurinn

Kjarval er einn af ástsælustu listamönnum þjóðarinnar fyrr og síðar. Hér verður fjallað nánar um Kjarval, Kjarvalsstaði og bókina *Kjarval – Málariinn sem fór sínar eigin leiðir* sem höfundur studdist við í þekkingaröflun fyrir verkefnaheftið.

5.1 Kjarval

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972) var mikill frumkvöðull í íslenskri list. Hann fæddist á bænum Efri-Ey í Meðallandi í Vestur-Skatafellssýslu. Þegar hann var 4 ára gátu foreldrar hans ekki lengur séð fyrir honum sökum bágra kjara og sem varð til þess að hann var sendur í fóstur til frændfólks síns á bænum Geitavík á Borgarfirði eystra og ólst þar upp. Hann vann meðal annars sem verkamaður og sjómaður. Árið 1911 þegar hann var 26 ára flutti hann til London til þess að fara í listnám, en hann fékk ekki inngöngu í listaháskóla. Þá nýtti hann veturinn til þess að heimsækja listasöfn í borginni og þjálfra tækni sína. Ári síðar fékk hann inngöngu í Konunglega Listaháskólann í Kaupmannahöfn og stundaði þar nám í fjögur ár. Í Danmörku kynntist hann konu að nafni Tove Merrild, sem hann kvæntist og eignuðust þau tvö börn en leiðir hans og Tove skildu. Kjarval bjó mestan hluta ævi sinnar í Reykjavík (Margrét Tryggvadóttir, 2019, bls. 11–33). Kjarval málaði ótal myndir og hélt fjölda sýninga. Áhugavert er að skoða nánar hvað gerir verk hans svo sérstök.

Mjög áhugaverð lesning er í bókinni *Kjarval* eftir Thor Vilhjálmsson (2010) en þar er tekið fram að Kjarval hafi haft aðra sýn á íslenska náttúru í myndlist sinni en aðrir listamenn. Á sínum tíma höfðu íslenskir myndlistarmenn aðallega málað íslenskt landslag með bláum fjöllum og mjúkum línunum, eins og þeir væru huggarar og væru að flytja fólki fallett tónverk en Kjarval vissi að landið væri ekki mjúkt, það væri hrikalegt og hart. Ekki fínlegt og fallett heldur stórfenglegt og tröllslegt. Mold, grjót, hraun – átti að rista þetta allt í burtu með list? Kjarval byrjaði að mála grjót og meira grjót fyrstur allra og sýndi lífið í hrauninu og mosanum. Hann breytti sýn heillar þjóðar (Thor Vilhjálmsson, 2010, bls. 100–102). Forvitnilegt er að skoða nánar hvað fékk Kjarval til þess að byrja að mála.

Fjölmargar bækur hafa verið gefnar út um Kjarval þar sem rætt hefur verið um ástæður þess að hann hóf að mála og þar má m.a. nefna *Kjarval, málari lands og vætta* (Aðalsteinn Ingólfsson og Matthías Johannessen, 1982). Nokkrar tilgátur hafa verið nefndar t.d. áhrifavaldar í myndlist, miðar af niðursuðudósum, myndir af dönsku konungsfjölskyldunni, fjöllin og segl út við sjóndeildarhringinn. Sjálfur hafði Kjarval sagt að „skipin hefðu komið sér til að mála“ án þess að útskýra það nánar (Aðalsteinn Ingólfsson og Matthías Johannessen, 1982, bls. 8).

Kjarval var einstakur persónuleiki og í verkefnaheftinu hefur höfundur sett inn litla fróðleiksmola sem heita *Vissir þú?* Þar eru staðreyndir um Kjarval, bæði um hann sem

persónu og lífshlaup hans. Vonast höfundur til þess að nemendur fái dýpri þekkingu á hvernig persóna hann var, ekki aðeins einstakur málari heldur líka með mikið jafnaðargeð og úrræðagóður.

5.2 Kjarvalsstaðir

Kjarvalsstaðir voru opnaðir árið 1973. Á heimasíðu Listasafns Reykjavíkur – Kjarvalsstaða kemur fram að þetta sé fyrsta byggingin á Íslandi sem er sérstaklega hönnuð með það í huga að hýsa myndlistarsýningar. Þar eru reglulega haldnar sýningar á verkum Kjarvals, þar sem hann var einn af ástsælustu listamönnum þjóðarinnar þá og nú. Einnig eru haldnar sýningar á skúlptúrum og málverkum eftir jafnt innlenda sem erlendra listamenn (Listasafn Reykjavíkur, e.d.).

Ekki eru margir listamenn á Íslandi sem hafa heilt listasafn nefnt eftir sér en það hefur Kjarval. Í bókinni *Kjarval – Málariinn sem fór sínar eigin leiðir* (Margrét Tryggvadóttir, 2019) er sérstakur kafli sem fjallar um Kjarvalsstaði en þar kemur fram að þegar Kjarval hefði verið kominn yfir sjötugt hefði átt að byggja fyrir hann heimili og vinnustofu, en Kjarval hefði afþakkað það boð. Hann vildi frekar að peningarnir yrðu notaðir til þess að byggja safn undir listaverkæign ríkisins. Að 10 árum liðnum var þó ákveðið að hefjast handa við að byggja vinnustofu fyrir Kjarval en þá var hann hættur að vinna. Á sama tíma tilkynnti borgarstjórnin í Reykjavík að hafist yrði handa við að byggja listasafn tileinkað Kjarval. Til þess að safna peningum fyrir safnið var haldin sýning með verkum hans og gat fólk keypt sér sýningarskrá sem var einnig happdrættismiði og í vinning var verk eftir Kjarval. Miklir peningar söfnuðust þar sem þúsundir manna komu á sýninguna. Kjarval sjálfur tók fyrstu skóflustunguna. Á safninu eru fjölmörg verk eftir Kjarval og munir sem voru í hans eigu. Ekki eru allir sammála um hvort Kjarval hafi gefið safninu eigu sínar þar sem hann var orðinn aldraður og hafi jafnvel ekki áttað sig á því sem hann gerði. Því miður náði Kjarval ekki að sjá listasafnið fullbyggt þar sem hann lést áður en safnið opnaði. Safnið var opnað með stórri sýningu 24. mars 1973 (Margrét Tryggvadóttir, 2019, bls. 89).

5.2.1 Tengsl verkefnaheftis við Kjarvalsstaði

Kjarvalsstaðir gegna því mikilvæga hlutverki að varðveita og sýna verk Kjarvals, en einnig að sýna verk annarra listamanna með greiðum aðgangi fyrir almenning. Samkvæmt heimasíðu safnsins er markmið þess að vera upplýsandi vettvangur fyrir skapandi umræðu sem eigi að örva áhuga á myndlist og veita innsýn í verk listamanna (Listasafn Reykjavíkur, e.d.) Verkefnaheftið styður við það markmið Kjarvalsstaða með því að örva nemendur, skapa umræðu og vekja áhuga þeirra á list og listfræðslu.

5.3 Kjarval – Málarinn sem fór sínar eigin leiðir

Bókin *Kjarval – Málarinn sem fór sínar eigin leiðir* var gefin út árið 2019. Margrét Tryggvadóttir segir sögu Kjarvals og hvernig maður hann var. Einnig eru myndir eftir hann í bókinni. Bókin er bæði áhugaverð og auðlesin enda stíluð inn á grunnskólanemendur. Í bókinni er farið yfir ævi Kjarvals og innsýn veitt í áhugaverðan feril hans. Kjarval er gerð góð skil í bókinni og þar kemur m.a. fram hvernig listaverk hans höfðu áhrif á fólk sem áttu þau, eins og maður að nafni Ragnar í Smára sem keypti nokkur málverk eftir Kjarval, þar á meðal málverkið *Fjallamjólk* (1941) og fékk fjöldi erlendra tilboða í verkin en hann neitaði að selja þau og sagði sjálfur „þær verða ekki seldar vegna þess að líf þessarar þjóðar byggist á því að við höfum þær stöðugt hjá okkur eins og streymandi vatnið í fossinum sem knýr vélarnar, hitar húsin og kveikir í tundrinu í sálinni“ (Margrét Tryggvadóttir, 2019, bls. 83). Mælir höfundur þessarar greinargerðar með því að kennarar útvegi sér eintak til þess að dýpka þekkingu sína um Kjarval og til þess að leyfa nemendum að skoða og njóta.

6 Námsefnið

Námsefnið samanstendur af verkefnum sem ætluð eru fyrir kennara í grunnskóla. Verkefnin í verkefnaheftinu eru fjölbreytt og hugsuð til þess að virkja sköpunarkraft nemenda en um leið fræða þá um verk Kjarvals og innleiða ólíkt handbragð við listsköpun. Hvert verkefni verður með verk eftir Kjarval sem kveikju, síðan vinna nemendur verk sín. Geta kennarar síðan aðlagð þau og breytt þeim eftir þörfum.

6.1 Markmið

Markmiðið með þessu verkefnahefti er að gera fjölbreytt verkefni sem kennarar geta gripið í og kynnt Kjarval og verk hans fyrir nemendum í gegnum myndlist. Einnig geta aðrir kennarar en myndlistarkennarar gripið í þau þar sem möguleiki til samþættingar er til staðar í sumum verkefnum. Verk Kjarvals eru kveikjur fyrir verk nemenda og vinna nemendur með misjafnan efnivið við gerð verka sinna. Lögð var áhersla á að hafa verkefnin áhugaverð og fjölbreytt. Vonast höfundur til þess að þau nýtist kennurum og nemendum í kennslu og verði til þess að nemendur fái áhuga á listasögu og listaverkum.

6.2 Viðfangsefnin

Kjarval málaði fjöldann allan af verkum, og í verkefnaheftinu eru 9 myndverk sem voru máluð á árunum 1907 til 1965, en helmingur verkanna er án ártals. Fyrsta viðfangsefnið í heftinu snýst um skissuvinnu, en hún er mikilvægur grunnur í myndsköpun nemenda. Þar læra þeir að vinna frá hugmynd að lokaverki, en mjög margar skissur eru til eftir Kjarval og átti hann það til að teikna og rissa á allan pappír sem fyrir honum lá. Næstu tvö verkefnin snúa að litafræði, fyrst litablöndun þar sem nemendur læra að blanda saman grunnlitunum og læra um annars stigs og þriðja stigs liti. Seinna verkefnið snýst um heita og kalda liti, þar sem nemendur skapa myndverk sem sýnir hvernig hægt er að nota andstæða liti í myndverki eins og Kjarval gerir í verki sínu *Regntjöld vorsins* (1925–1964).

Formfræðiverkefnið býður upp á nýja tækni þar sem nemendur nota frumformin til þess að byggja upp landslagsmynd eins og Kjarval gerir í málverkinu *Jöklasýn* (e.d.) og þar á eftir kemur verkefni þar sem nemendur byggja upp mynstur. Mynstrið getur annaðhvort verið reglulegt eða óreglulegt eins og verkið *Land og loft* (1965).

Kjarval var sérstakur m.a. fyrir þær sakir að í myndverkum hans sást gjarnan bregða fyrir fólki og fyrirbærum í landslaginu. Það sést t.d. í verki hans *Esja 10. febrúar 1959* (1959). Um það snýst verkefnið um fólkið í fjallinu, nemendur horfa þá annaðhvort á fjöllin í nærsamfélaginu eða skoða myndir af fjöllum, athuga hvort þeir sjái móta fyrir fyrirbærum og nota ímyndunarafli sitt. Þeir skapa svo eigin myndverk í anda verka Kjarvals.

Vatnslitir geta reynst mörgum vandasamt efni að vinna með í myndsköpun þar sem þeir þorna hratt. Í einu verkefni fá nemendur tækifæri til þess að þjálfast í að vinna með þann efnivið í gerð myndverks en fyrirmyndin er vatnslitamynd eftir Kjarval sem ber ekki titil.

Draumaland (1907) er fallett verk eftir Kjarval og jafnframt elsta málverkið í verkefnaheftinu. Það sker sig úr meðal annarra verka Kjarvals þar sem hann er hvað þekktastur fyrir að mála íslenskt landslag raunsætt, hrjúft og gróft. Hér fá nemendur tækifæri til þess að spreyta sig á að mála landslag eins og gert er í þessu verki og gera það draumkennt, gera liti skærari og línurnar mýkri.

Síðasta viðfangsefnið, myndverk þar sem Kjarval skrifar orð og teiknar og málar í kringum það, býður upp á nokkrar útfærslur, nemendur skrifa nafnið sitt og teikna í kringum það áhugamál sín og það sem þeir tengja við sjálfa sig. Önnur útfærsla er að nemendur finni setningu eða orð, skrifi niður og teikni út frá því. Þriðja útfærslan er að nemandi finni ljóð eða semji það, skrifi það niður og teikni og/eða máli í kringum það.

6.3 Kennslan

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, en eins og kemur fram í *Litrófi kennsluaðferðanna* skiptir miklu máli í verklegri kennslu að blanda saman ýmsum kennsluaðferðum. Þar má m.a. nefna sýnikennslu, vettvangsferðir, myndaskoðun, umræður, sjálfstæð verkefni og tilraunir (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 86). Þessar kennsluaðferðir sem taldar eru upp hér nýtast í vinnu verkefnanna í heftinu.

6.4 Samþætting

Verkefnaheftið býður upp á samþættingu með öðrum námsgreinum, nánar tiltekið bjóða þrjú viðfangsefni upp á samþættingu við námsgreinarnar íslensku og náttúrufræði. Fyrsta verkefnið sem býður upp á samþættingu er verkefnið um fólkíð í fjallinu, þar sem nemendur eiga að mála fólk og fyrirbæri í landslaginu eins og Kjarval gerði í mörgum verkum sínum. Í íslensku læra nemendur um þjóðsögur, þar koma við sögu m.a. álfar, tröll og furðuverur. Með samþættingu mála nemendur þjóðsagnapersónurnar í umhverfi þar sem þjóðsagan gerðist.

Annað verkefni sem býður líka upp á samþættingu við íslensku, nánar tiltekið ljóðagerð, er verkefni þar sem nemendur eiga að skrifa niður ljóð, annaðhvort semja það sjálfir eða finna ljóð sem þeir hafa lært. Þeir skrifa það niður á pappír og teikna í kringum það.

Þriðja verkefnið sem gefur færi á samþættingu er verkefnið *Landslagsmynd*, þar sem nemendur eiga að velja sér landslag sem þeir mála. Hér er hægt að samþætta við náttúrufræði og nota staði sem nemendur eru að fræðast um hverju sinni.

6.5 Framhaldið

Í verkefnaheftinu *Kjarval í hugsun og verki* er að finna 9 verk eftir Kjarval. Til er fjöldinn allur af verkum eftir hann sem nýta mætti einnig sem kveikju í kennslu og vert væri að skoða nánar. Í framtíðinni er mögulegt að fleiri verkefnahefti verði útbúin fyrir nemendur með áherslu á listamenn og myndlist, en það væri ánægjuleg viðbót við námsefni fyrir myndlistarkennslu með grunnskólanemendum.

7 Lokaorð

Þegar höfundur þessarar greinargerðar og verkefnaheftis hóf vinnu sína við þetta verkefni óraði hann ekki fyrir því hversu mikill fróðleikur er til um Kjarval. Þar sást hversu einstök persóna hann var, yfirvegaður, úrræðagóður og mikill frumkvöðull á sínu sviði.

Mikill lærdómur hefur áunnist við gerð verkefnisins, og hefur það opnað augu höfundar fyrir tækifærum sem eru til staðar svo nýta megi listaverk til kennslu og styðja við fagmiðaða myndlistarkennslu. Sem verðandi kennari hefur rannsóknarvinna, fróðleiksöflun og gerð verkefnaheftis ýtt undir áhuga höfundar til þess að vilja vinna með nemendum á fagmiðaðan hátt.

Verk Kjarvals eru einstök, fjölbreytt og áhugaverð. Þau henta einstaklega vel í myndlistarkennslu með nemendum þar sem fjölbreytileikinn er til þess fallinn að nemendur geta fundið eitthvað við sitt hæfi og jafnvel kveikt hjá þeim neista til þess að ímyndunarafli þeirra fari á flug.

Hafa ber í huga að ekki tókst að prófa verkefnin, en það er von höfundar að verkefnaheftið muni nýtast myndlistarkennurum í framtíðinni og verða til þess að nemendur kynnist hinum einstaka listamanni Kjarval. Óskandi er að verkin hans geti orðið þeim innblástur fyrir sköpun þeirra, eins og Kjarval sagði sjálfur að „skipin hefðu komið honum til þess að mála“ munu verkin í verkefnaheftinu vonandi koma nemendum til þess að skapa.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Aðalsteinn Ingólfsson og Matthías Johannessen. (1982). *Kjarval, málari lands og vætta*. Reykjavík: Saga.
- Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Eisner, E. W. (2002). *The arts and the creation of mind*. New Haven: Yale University.
- Elín G. Ólafsdóttir. (2004). *Nemandinn í nærmynd: Skapandi starf í fjölbreyttu umhverfi*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Sótt af <https://vefir.mms.is/flettibaekur/ritin/skopun/assets/basic-html/page14.html>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2002). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Æskan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Listasafn Reykjavíkur. (e.d.). Kjarvalsstaðir. Sótt af <https://listasafnreykjavikur.is/kjarvalsstadir>
- Margrét Tryggvadóttir. (2019). *Kjarval – Málarinn sem fór sínar eigin leiðir*. Reykjavík: Iðunn.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). *Námskrár*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0>
- Silverman, R. H. (1989). Discipline-based art education. *The Education Digest*, 55(2), 53–56. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/218156100/fulltextPDF/E17C483E622B4DD2P/Q/1?accountid=135943>
- Thor Vilhjálmsson. (2010). *Kjarval* (3. útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.